

SKILASJAIN 48
-frumrót-

Hofsá og Grafará

Hofsósi.

Árnar eru vatnsmiklar dragár, sem eiga upptök sín í yfir 1000 m háu fjalllendi, þar sem hjarnfannir liggja frá ári til árs í dalabotnunum.

Rennsli þeirra hefur ekki verið athugað sérstaklega, svo að eftirfarandi grundvallast á niðurstöðum mælinga í nálægum ám.

Úrkomusvæði Hofsár er 103 km² og Grafarár 95 km². Með 55 l/sek meðalrennsli pr km² eru meðalrennsli þeirra 5,5 m³/s og 5,0 m³/s, þ.e.a.s. að þær flytja samanlagt að meðaltali eina milljón teningsmetra vatns á sólarhring.

Rennslinu er nokkuð misskipt milli árstíða og daga, eins og títt er um dragár.

Rennslið er mikið um vor- og sumarmánuðina, sömuleiðis á haustin og fram á vetur, en rennslið um vetrarmánuðina des-apríl er mörgum hlutum minna.

Lægsta rennslið er nálægt 7 l/sek pr km², en lægsta meðalrennsli mánaðar um 9 l/sek pr km², en algengt vetrarrennsli er 15-20 l/sek pr km², þ.e.a.s. að árnar samanlagt flytja um 3-4 m³/s.

Með athugun (rennslismælinga) á miðjum vetri væri hægt að kveða nánar um þetta atriði.

Reykjavík, 12. nóv. 1952.

Regurj. Rist